

Nd.

329. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árið 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, veitast kr. 52000,00 til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast kr. 52000,00.

1. Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	kr. 10000,00
2. Til viðgerða á brimbrjótnum í Bolungarvík	— 12000,00
3. Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn $\frac{1}{3}$ frá kaupstaðnum og gegn því að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu... ..	— 30000,00
	Samtals: kr. 52000,00

A t h u g a s e m d i r.

Mannvirki þau, sem um ræðir í 2. gr. 1—2, hafa af óviðráðanlegum orsökum skemst svo í sjóróti, að þau verða eigi að notum, og er því nauðsynlegt að endurbæta þau, til þess eigi sje á glæ kastað því fje, sem þegar hefir verið varið til þeirra, enda þau bráðnauðsynleg til þess að tryggja líf og eignir manna, er stunda sjávarútvegj frá Bolungarvík og Sandi, og gera fært að stunda sjósókn þaðan.

Sjóvarnargarðurinn á Siglufirði er skemdur og verður eftir upplýsingum, sem ráðuneytið hefir getað aflað sjer, eigi komist hjá því að gera við garðinn sem allra fyrst. Vitamálastjórinn telur mega komast af með 45000 kr. til hinnar nauðsynlegustu aðgerðar.